

## Úrskurðir óbyggðanefndar í þjóðlendumálum í Ísafjarðarsýslum

Óbyggðanefnd kvað 30. ágúst 2023 upp úrskurði í þjóðlendumálum í Ísafjarðarsýslum, á svonefndu svæði 10B við málsmeðferð nefndarinnar.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkisins, um þjóðlendir í Ísafjarðarsýslum tóku alls til 45 skilgreindra svæða og fjallað var um þær í átta málum, nr. 1–8/2021. Á móti bárust 159 kröfulýsingar landeigenda vegna um 190 jarða eða svæða. Að auki kannaði óbyggðanefnd heimildir um merki ýmissa nærliggjandi jarða og svæða og að þeim meðtöldum voru merki meira en 250 jarða eða svæða til skoðunar við rannsókn málanna. Niðurstaða óbyggðanefndar var að hlutar af níu þeirra svæða sem íslenska ríkið gerði kröfu til væru þjóðlendir en öðrum kröfum ríkisins var hafnað. Þau svæði sem eru þjóðlendir samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eru:

- Hestfjarðaralmenningur
- Skötufjarðaralmenningur
- Almennungur í Ísafirði
- Drangajökull, þ.e. sá hluti hans sem er innan Ísafjarðarsýslna sé þjóðlenda, en sá hluti jökulsins sem er í Strandasýslu var áður úrskurðaður þjóðlenda við málsmeðferð þar
- Grænahlíð við Ísafjarðardjúp
- Almennungur vestari á Hornströndum
- Hælavíkurbjarg á Hornströndum
- Hornbjarg á Hornströndum
- Hluti Almennunga eystri á Austurströndum

Ágreiningur milli íslenska ríkisins og landeigenda í málum nr. 1–8/2021 sneri í mörgum tilvikum að því hvort efstu hlutar fjallar væru þjóðlendir, þ.e. svæði utan eignarlanda, eða hvort eignarlönd jarða beggja vegna næðu saman uppi á fjöllum. Íslenska ríkið byggði að miklu leyti á því að fjallsbrúnir sem mynda skörp skil í landslagi, t.d. við frambrún kletta og fjalla, réðu merkjum eignarlanda gagnvart þjóðlendum. Í tilefni af þessari tilhögun stórs hluta kröfugerðar íslenska ríkisins tók óbyggðanefnd álitaefti um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla til sérstakrar skoðunar í málunum, sbr. kafla 7.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2021 og 7–8/2021. Í þessu sambandi komst nefndin að þeirri niðurstöðu að kröfugerð íslenska ríkisins í Ísafjarðarsýslum gengi í veigamiklum atriðum gegn fyrri réttarframkvæmd á sviði þjóðlendumála.

Í málum nr. 1–8/2021 voru lögð fram alls 6.264 skjöl, að meðtöldum hliðsjónargögnum en að þeim meðtöldum eru framlögð skjöl á þeim fimmtán svæðum sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað um orðin 33.246 samtals. Við meðferð málanna var lagt mat á öll fram komin gögn, ágreiningssvæðin skoðuð í vettvangsferð, málin flutt munnlega og skýrslur teknar af aðilum og vitnum.

Niðurstöður nefndarinnar í einstökum málum eru sem hér segir:

*Mál nr. 1/2021, Fjalllendi norðan Geirþjófsfjarðar*

- Hafnað er kröfu íslenska ríkisins um að á svæðinu sé þjóðlenda. Kröfur ríkisins þar tóku alfarið til efstu hluta fjalla.

*Mál nr. 2/2021, Fjalllendi milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar*

- Hafnað er kröfum íslenska ríkisins um að á svæðinu séu þjóðlendur. Kröfur ríkisins þar tóku alfarið til efstu hluta fjalla.

*Mál nr. 3/2021, Fjallendi milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar auk Nesdals*

- Hafnað er kröfum íslenska ríkisins um að á svæðinu séu þjóðlendur. Kröfur ríkisins þar tóku að miklu leyti til efstu hluta fjalla en einnig gerði ríkið kröfu um að Nesdalur og nálæg svæði við Ingjaldssand væru þjóðlendur.

*Mál nr. 4/2021, Fjallendi milli Ísafjarðardjúps, Álftafjarðar og Önundarfjarðar, auk Stigahlíðar*

- Hafnað er kröfum íslenska ríkisins um að á svæðinu séu þjóðlendur. Kröfur ríkisins þar tóku að mestu leyti til efstu hluta fjalla en einnig til Stigahlíðar við Ísafjarðardjúp.

*Mál nr. 5/2021, Fjallendi við innanverðan Arnarfjörð og Dýrafjörð ásamt landsvæðum sunnan Ísafjarðardjúps*

- Fallist er á hluta krafna íslenska ríkisins, þ.e. að eftirfarandi svæði séu þjóðlendur:
  - Hestfjarðaralmenningur
  - Skötufjarðaralmenningur
  - Almennigur í Ísafirði
- Að öðru leyti er kröfum íslenska ríkisins um að á svæðinu séu þjóðlendur hafnað. Þær kröfur sem hafnað var tóku að hluta til fjallendis en einnig tóku þær til landsvæða í Hestfirði, Skötufirði og Ísafirði, aðliggjandi áðurnefndum almenningum sem úrskurðaðir voru þjóðlendur.

*Mál nr. 6/2021, Fjallendi upp af Langadalsströnd*

- Hafnað er kröfu íslenska ríkisins um að á svæðinu sé þjóðlenda. Krafa ríkisins þar tók til heiðalands og fjallendis ofan Langadalsstrandar.

*Mál nr. 7/2021, Drangajökull og landsvæði umhverfis hann*

- Fallist er á hluta krafna íslenska ríkisins, þ.e. að sá hluti Drangajökuls sem er innan Ísafjarðarsýslna sé þjóðlenda.
- Að öðru leyti er kröfum íslenska ríkisins um að á svæðinu séu þjóðlendur hafnað. Þær tóku að hluta til fjallendis, líkt og í ýmsum áðurnefndum málum, en einnig tóku þær til tiltölulega láglands svæðis innst í Kaldalóni og í sunnanverðum botni Leirufjarðar og enn fremur alls lands í Þaralátursfirði og Reykjarfirði nyrðri á Ströndum.

Mál nr. 8/2021, Sléttuhreppur og norðanverður Grunnavíkurhreppur

- Fallist er á hluta krafna íslenska ríkisins, þ.e. að eftirfarandi svæði séu þjóðlendur:
  - Grænahlíð við Ísafjarðardjúp
  - Almennings vestari á Hornströndum
  - Hælavíkurbjarg á Hornströndum
  - Hornbjarg á Hornströndum
  - Hluti Almennings eystri á Austurströndum
- Að öðru leyti er kröfum íslenska ríkisins um að á svæðinu séu þjóðlendur hafnað. Þær kröfur sem hafnað var tóku að mestu til fjallendis en einnig m.a. til láglandis í Hesteyrarfirði.

Úrskurðina í heild ásamt kortum er að finna [á vefsíðu nefndarinnar, undir Úrskurðir og dómar.](#)

### Málskot til dómstóla

Sá málsaðili sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í, sbr. 1. mgr. 19. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

### Hlutverk óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd var komið á fót árið 1998 í þeim tilgangi að rannsakað yrði hvaða svæði á landinu væru utan eignarlanda og þau yrðu úrskurðuð þjóðlendur. Hlutverk nefndarinnar er þrjúþætt samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendlögum), nr. 58/1998, en samkvæmt lögnum skiptist allt land í annars vegar eignarlönd og hins vegar þjóðlendur:

- a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

### Staða þjóðlendumála

Óbyggðanefnd skipti landinu upphaflega í 11 svæði en síðar var nokkrum þeirra skipt í smærri einingar þannig að svæðin urðu 16. Auk þess eru eyjar og sker umhverfis landið til umfjöllunar sem sautjanda málsmeðferðarsvæðið. Á vefsíðu óbyggðanefndar má sjá [yfirlitskort um afmörkun svæðanna og stöðu málsmeðferðar.](#)

Svæði 10B er fimmtánda svæðið af sautján sem óbyggðanefnd úrskurðar um og nefndin hefur nú lokið málsmeðferð á 95% af meginlandinu. 39,2% lands sem nefndin hefur lokið meðferð á teljast til þjóðlendna en 60,8% eru eignarlönd, að teknu tilliti til endanlegra niðurstaðna dómstóla. Af þeim hluta miðhálandisins sem nefndin hefur lokið meðferð á eru tæplega 86% þjóðlendur en rúmlega 14% eignarlönd. Heildarfjöldi skjala sem lögð hafa verið fram og rannsökuð við meðferð óbyggðanefndar á svæðum 1–10A og 10C er 33.246, að meðtöldum framlögðum hliðsjónargögnum.

## Framhald þjóðlendumála

Málsmeðferð stendur nú yfir á tveimur svæðum: 11, Austfjörðum, og 12, eyjum og skerjum. Auk þess hafa tiltekin afmörkuð svæði verið tekin til meðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020. Upplýsingar um mál sem eru til meðferðar má finna á vefsíðu nefndarinnar, á [undirsíðunni Til meðferðar](#).

Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendar á svæði 11, Austfjörðum, bárust óbyggðanefnd 25. janúar 2022 og taka til 25 skilgreindra svæða. Frestur annarra til að lýsa kröfum um eignarréttindi á umræddum hlutum svæðis 11 var til 20. júní 2022 og innan frestsins bárust 32 kröfulýsingar.

Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendar á svæðum sem eru til meðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga bárust óbyggðanefnd 14. nóvember 2022 og taka til 14 skilgreindra svæða. Frestur annarra til að lýsa kröfum um eignarréttindi á umræddum svæðum var til 28. mars 2023 og innan frestsins bárust 28 kröfulýsingar.

Rannsókn óbyggðanefndar á framangreindum svæðum stendur yfir en hún felur m.a. í sér ítarlega kerfisbundna gagnaöflun í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Einnig verður farið í vettvangsferðir um ágreiningssvæðin auk þess sem haldnar verða aðalmeðferðir þar sem aðilar og vitni gefa skýrslur og málin eru flutt munnlega. Leiði rannsókn óbyggðanefndar í ljós að einhver kunnir að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu innan framangreindra kröfulýsingarfresta verður viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. laganna.

Á svæði 12, sem tekur til eyja og skerja, hefur íslenska ríkið frest til 1. desember 2023 til að lýsa kröfum um þjóðlendar. Þegar kröfur ríkisins hafa borist verða þær auglýstar og leitað eftir gagnkröfum.

## Málsmeðferð

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd grundvallast á lögum nr. 58/1998. Hún hefst á því að nefndin tekur viðkomandi svæði til meðferðar og veitir fjármála- og efnahagsráðherra frest til að lýsa kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendar á svæðinu. Kröfur ríkisins um þjóðlendar á svæði 10B bárust óbyggðanefnd 16. september 2012 og tóku til 45 skilgreindra svæða sem fjallað var um í átta málum. Kröfurnar hlutu í kjölfarið lögboðna kynningu, þar sem skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á þeim svæðum sem ríkið gerði kröfur til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan tiltekens frests. Alls bárust 159 kröfulýsingar vegna um 190 jarða og svæða.

Óbyggðanefnd skipa þrjú nefndarmenn í hverju máli. Nefndinni ber skv. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir landsvæðum sem eru til meðferðar og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Því fer fram á vegum nefndarinnar viðamikil og kerfisbundin leit að gögnum um þau ágreiningssvæði sem eru til meðferðar hverju sinni. Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni Íslands annast þá leit að verulegu leyti, í samstarfi við nefndina. Auk þess leggja málsaðilar fram heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

**Frekari upplýsingar**

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu óbyggðanefndar:

- [postur@obyggdanefnd.is](mailto:postur@obyggdanefnd.is)
- sími: 563 7000